

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Heiðu Kristínu Helgadóttur
um aðgerðir til að styðja við byggð í Grímsey.

1. Hvað er áætlaður heildarkostnaður við fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að styðja við byggð í Grímsey?

Beinn heildarkostnaður ríkissjóðs vegna aðgerðanna er áætlaður 60–70 millj. kr.

2. Hefur ráðuneytið upplýsingar um að svipaðar aðgerðir hafi borið árangur og snúið við fólksfækkun?

Nauðsynlegt er að horfa til langs tíma þegar metið er hvort aðgerðir hafi borið árangur. Þá verður að horfa til þess að margvíslegir þættir geta haft áhrif á íbúáþróun hverju sinni.

Fyrstu byggðarlögin komu inn í verkefnið Brothættar byggðir á árinu 2013 og fyrstu samningarnir um Aflamark Byggðastofnunar voru gerðir á fiskveiðiárinu 2013/2014. Þeir þrír staðir sem hafa verið með samning við Byggðastofnun um Aflamark Byggðastofnunar frá upphafi eru Suðureyri, Drangsnes og Raufarhöfn. Aflamark Byggðastofnunar hefur á þessum stöðum tryggt stöðugri vinnslu og fækkað verulega hráefnislausum dögum. Á öllum þessum stöðum hefur íbúum fjölgað eftir að samningar tóku gildi. Á Raufarhöfn hefur verkefnið Brothættar byggðir verið keyrt samhliða.

| | 1. jan. 2013 | 1. jan. 2015 | Fjölgun % |
|------------|--------------|--------------|-----------|
| Suðureyri | 264 | 278 | 5,30% |
| Drangsnes | 69 | 83 | 20,29% |
| Raufarhöfn | 169 | 183 | 8,28% |

Auk þessara staða hefur verkefnið Brothættar byggðir verið í gangi á Bíldudal, í Breiðdalshreppi og Skaftárhreppi frá árinu 2013. Íbúáþróun á þessum þremur stöðum hefur í öllum tilfellum verið jákvæð.

| | 1. jan. 2013 | 1. jan. 2015 | Fjölgun % |
|------------------|--------------|--------------|-----------|
| Bíldudalur | 170 | 196 | 15,29% |
| Breiðdalshreppur | 180 | 186 | 3,23% |
| Skaftárhreppur | 443 | 460 | 3,84% |

Í Breiðdalshreppi hafa aðilar á staðnum verið með samning um Aflamark Byggðastofnunar frá og með síðasta fiskveiðiári.